

Lbs 2018/20

Indriði Einarsson. Einkaskjalasafn.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Leikminjasafn



Lýsandi samantekt

Varðveislustaður:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Leikminjasafn.

Safnmark:

Lbs 2018/20.

Titill:

Indriði Einarsson. Einkaskjalasafn. Lbs 2018/20.

Tímabil:

Aðallega 1846–1939.

Þó eru nokkrar leikskrár í safninu sem eru dagsettar á árunum 1939–1941.

Umfang:

49 öskjur.

Tilvitnun:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Leikminjasafn. Lbs 2018/20. Indriði Einarsson. Einkaskjalasafn.

Samhengi

Nafn skjalamyndara:

Indriði Einarsson (1851-1939).

Lífshlaup og æviatriði:

Indriði Einarsson fæddist á Húsabakka í Skagafirði 30. apríl 1851. Eftir að sjá uppsetningu á Útilegumönnunum eftir Matthías Jochumsson fjórtán ára gamall heillaðist Indriði af leiklist og sú ástríða fylgdi honum alla tíð. Eftir hvatningu frá Sigurði málara skrifaði hann sitt fyrsta leikrit. Nýársnóttin var frumsýnd árið 1870 á Langalofti Lærða skólans og vakti mikla athygli. Eftir útskrift frá Lærða skólanum stundaði Indriði nám við Háskólann í Kaupmannahöfn, síðan framhaldsnám við Háskólann í Edinborg og sneri aftur til Íslands 1878. Hann sinnti ýmsum störfum fyrir íslenska ríkið en lengst af var hann endurskoðandi landsreikninga. Samhliða þessum störfum var Indriði brautryðjandi í leikhúslífi Reykjavíkur og hvatamaður fyrir byggingu Þjóðleikhússins, enda iðulega kallaður „faðir Þjóðleikhússins“. Eftir hann liggja sjö leikverk en einnig þýðingar af ýmsu tagi. Indriði var einn af lykilmönnum Leikfélags Reykjavíkur og leikstýrði fjölda sýninga á rúmlega tuttugu ára tímabili. Indriði lést í Reykjavík þann 31. mars 1939.

Heimildir:

<https://www.althingi.is/alttext/cv?nfaerslunr=258>

https://leikminjasafn.is/news/20/7/Indri%C3%B0i-Einarsson/d,News_events

<https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getListamadurDXO/1792>

Varðveislusaga:

Einkaskjalasafn Indriða Einarssonar var geymt um árabíl í Þjóðleikhúsinu, trúlega komið upphaflega frá aðstandendum hans en það á eftir að staðfesta. Ólafur Engilbertsson var tengiliður afhendingarinnar en fimm kassar af safni Indriða Einarssonar („Indriðasafn“) frá Þjóðleikhúsinu komu í gegnum Leikminjasafn Íslands. Þrjár kassar að auki fóru til Íslandssafns. Þetta safn er nú sameinað.

Um afhendingu:

Þjóðleikhúsið afhenti gögn Indriða Einarssonar 20. apríl 2018.

Innihald og uppbygging

Umfang og innihald:

Safnið er í 49 öskjum og er skipt upp í eftirfarandi efnisflokkka:

- A. Leikhandrit í stílabókum
 - A.A. Íslenskir höfundar
 - A.B. Erlendir höfundar
- B. Leikhandrit – Möppur og laus blöð
 - B.A. Íslenskir höfundar
 - B.B. Erlendir höfundar
- C. Einpáttungar með eiginhendi
- D. Hlutverkabækur
 - D.A. Íslenskir höfundar
 - D.B. Erlendir höfundar
- E. Bækur
 - E.A. Íslenskar bækur
 - E.B. Íslenskar bækur í erlendri þýðingu
 - E.C. Erlendar bækur í íslenskri þýðingu
 - E.D. Bækur á erlendum tungumálum
- F. Leikskrár
- G. Ýmislegt

Grisjun:

Ekkert hefur verið grisjað úr safninu eftir afhendingu.

Viðbætur:

Ekki er von á viðbótum.

Um aðgengi og not

Um aðgengi og not:

Safnið er opið.

Skilyrði er stjórná endurgerð:

Samkvæmt reglum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um afritun.

Tungumál:

Íslenska, danska, sænska og þýska.

Tengt efni

Tengt efni:

Í Lbs 582 NF og Lbs 786 NF má finna þýðingar Indriða á ýmsum verkum William Shakespeare. Þessi safnmörk geyma einkaskjalasafn Hildar Kalman sem var dótturdóttir Indriða. Í LMÍ 2021/3 má finna tvær greinar áritaðar af Indriða en Páll Steingrímsson var tengdasonur hans. Lbs 974–975 fol. og Lbs 5063–5081 4to inniheldur einnig gögn tengd Indriða, úr fórum sonar hans Einars Viðars. Einnig má finna eintak af leikritinu *Nei* eftir Johan Ludvig Heiberg en handritið er stimplað „Þjóðleikhússafn. Gjöf Alfreðs Andréssonar.“ Ekki er vitað hvernig handritið rataði í þetta safn en Einkaskjalasafn Alfreðs og eiginkonu hans Ingu Þórðardóttir er geymt á Handritasafni Landsbókasafnsins undir safnmarkinu LBS 2020/19.

Not:

Ekki er vitað um nein not.

Um lýsinguna

Athugasemdir skjalavarðar:

Sigríður Jónsdóttir flokkaði og skráði einkaskjalasafn Indriða Einarssonar í febrúar, júlí og október 2021. Safnið er staðsett í geymslum Leikminjasafns Íslands í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn. Handritið *Stúlkan frá Tungu* sem er varðveitt í þessu safni er eina þekkta eintakið af þessu leikriti. Einnig er að finna hlutverkabækur tengd handritinu. Sömuleiðis er að finna uppskrift af *Víg Kjartans Ólafssonar* eftir Júlíönnu Jónsdóttur en einungis eitt annað eintak er til svo vitað sé. Stílabækur með uppskriftum af fyrstu tveimur verkefnum Leikfélags Reykjavíkur, *Ferðaævintýrið* eftir A.L. Andersen og *Ævintýri í Rosenborgargarði* eftir Johan L. Heiberg bæði í þýðingu Brynjólfs Kúld, eru varðveitt í safninu undir en þau eru merkt sýningarnúmerunum L.R. 1 og L.R. 2. Þýðendur leikrita eru oft innan sviga þar sem þeir eru ekki skráðir í gagnið sjálft heldur er aðallega notast við upplýsingar úr gagnagrunni Leikminjasafns.

Reglur eða aðferð:

Skráð samkvæmt ISAD(G) staðli.

Dagsetning lýsingar:

Febrúar, ágúst og október 2021.

Öskjulist

Askja A.A. 1-3 – Leikhandrit í stílabókum – Íslenskir höfundar

Askja A.B. 1-15 – Leikhandrit í stílabókum – Erlendir höfundar

Askja B.A. 1 – Leikhandrit – Möppur og laus blöð – Íslenskir höfundar

Askja B.B. 1-6 – Leikhandrit – Möppur og laus blöð – Erlendir höfundar

Askja C. 1 – Einþáttungar með eigin hendi

Askja D.A. 1-2 – Hlutverkabækur – Íslenskir höfundar
Askja D.B. 1-6 – Hlutverkabækur – Erlendir höfundar
Askja E.A. 1-4 – Bækur – Íslenskar bækur
Askja E.B. 1 – Bækur – Íslenskar bækur í erlendri þýðingu
Askja E.C. 1-3 – Bækur – Erlendar bækur í íslenskri þýðingu
Askja E.D. 1 – Bækur – Bækur á erlendum tungumálum
Askja F. 1 – Leikskrár
Askja G. 1-3 - Ýmislegt

Innihald

Leikhandrit í stílabókum

Íslenskir höfundar

Askja A.A. 1

Andrés G. Þormar. *Dómar*. 1930. L.R. 133. Vélritað. Leiðbeinandabók. Nótur með eiginhönd, líklega Haraldur Björnsson.

Andrés G. Þormar. *Dómar*. 1930. L.R. 133. Hvíslarabók. Einungis annar og þriðji þáttur.

Einar H. Kvaran. 1931. *Hallsteinn og Dóra*. L.R. 136. Vélritað. Hvíslarabók. Haraldur Björnsson, áritað.

Einar H. Kvaran. *Syndir annarra*. L.R. 83. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Guðmundur Kamban. *Konungsglíman*. L.R. 89.

Askja A.A. 2

Indriði Einarsson. *Der Tanz auf Hrúni (Dansinn í Hrúna)*. Þýðandi Trausti Einarsson og Dr. Hanna Silbernagel-Ruggeberg. Á þýsku.

Indriði Einarsson. *Stúlkan frá Tungu, íslenskt ævintýri. Sjónleikur í fimm þáttum*. L.R. 64.

Jóhann Sigurjónsson. *Galdra-Loftur*. L.R. 82. Leikaralisti framarlega í handriti. [Fremur illa farin en líklega handritið frá fyrstu sýningunni].

Jóhann Sigurjónsson. *Fjalla-Eyvindur*. L.R. 73. Fremst í stílabók er brot úr leikendalista. Fremst í stílabók er eftirfarandi nóta: „Leikin 22 sinnum veturinn 1911-1912 og 1 sinni um sumarið (31. ág.) sama ár.

Askja A.A. 3

Jón Björnsson. *Hefndin*. Ekki tekið til sýningar. Mögulega eina þekktu eintakið.

Óskar Kjartansson. *Töfraflautan*. L.R. 144. Vélritað. Hvíslarabók. Merkt: Haraldur Björnsson. Úrklippur af leikurum límdar inn í kápu.

Stefán Björnsson. 1930. *Stríðið í Straumfirði*. Ekki tekið til sýningar. Mögulega eina þekkt eintakið.

Tómas Jónasson. 1871. *Hallur*. Ekki tekið til sýningar. Mögulega eina þekkt eintakið.

Erlendir höfundar

Askja A.B. 1

Andersen, A.L. *Ferðaævintýrið*. Þýðandi Brynjólfur Kúld. L.R. 1.

Arnold, Franz og Bach, Ernst. *Húrra, krakki*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 135.

Arnold, Franz og Bach, Ernst. *Karlinn í kassanum*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 145. Vélritað. Úrklippur úr dagblaði/leikskrá af leikurum límdar inn í kápu.

Arnold, Franz og Bach, Ernst. *Spanskflugan*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?).

Benzon, Otto. *Hneykslið*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 31. Leikendaskrá límd inn í kápu. Inn í bók eru eftirfarandi laus blöð: Hneykslið – Skrá yfir framvindu eftir þáttum og atriðum. Víkingarnir á Hálogalandi eftir Henrik Ibsen – Skrá yfir framvindu eftir þáttum og atriðum.

Askja A.B. 2

Bernstein, Henri. *Þjófurinn*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 104.

Beyerlein, Franz Adam. *Um háttatíma*. Þýðandi Andrés Björnsson (?). L.R. 77. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Björnsson, Björnstjerne. *Gjaldþrotið*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 37. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Björnsson, Björnstjerne. *Landafræði og ást*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 39 (?). Inn í bókinni má finna stutta kynningu á sýningunni og einnig yfirlit yfir leikendur. Virðist ekki passa við neina skráningu á vef Leikminjasafns. Soffía Guðlaugsdóttir er tilgreind sem leikstjóri.

Björnsson, Björnstjerne. *Milli bardaganna*. Þýðandi Indriði Einarsson og Jón Ólafsson (?). L.R. 19.

Björnsson, Björnstjerne. *Um megn*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 48. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Askja A.B. 3

Bojer, Johan. *Augu ástarinnar*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 81.

Bögh, Erik. *Grái frakkinn*. Þýðandi óþekktur.

Christmas, Walter. *Sherlock Holmes*. Eftir skáldsögu A. Conan Doyle. [Nafn William Gillette er prentað framan á kápu.] Þýðandi Guðmundur T. Hallgrímsson (?). L.R. 50. Leikendaskrá límd inn í kápu, bæði frá árinu 1906 og 1907.

Cornelíus, Franz. 1931. *Lagleg stúlka gefins / Frítt stúlkubarn gefins, skopleikur í 2 þáttum*. Músík eftir Hans May. Bundið mál eftir Erns Neubach. Emil Thoroddsen og Tómas Guðmundsson íslenskuðu. Lagfærð og endurbætt af Haraldi Björnssyni [með

eiginhendi]. L.R. 139. Leikstjórabók. Úrklippa af aðalleikurum límd inn í kápu. Vélritað. Nótur með eiginhendi, líklega Haraldur Björnsson.

Cornelíus, Franz. 1931. *Lagleg stúlka gefins / Frítt stúlkubarn gefins, skopleikur í 2 þáttum*. Músík eftir Hans May. Búnað mál eftir Erns Neubach. 1931. Emil Thoroddsen og Tómas Guðmundsson íslenskuðu. L.R. 136. Vélritað.

Askja A.B. 4

Dinaux, P. og Lomoiné, G. *Heimanmundurinn*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 72.

Drachmann, Holgar. *Einu sinni var-*. Þýðandi Jakob Joh. Smári. L.R. 124.

Dumas, Alexandre. *Kamelíufrúin*. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu (?). L.R. 53. Leikendaskrá, með leiðréttingum, límd inn í kápu.

Fodor, Ladislaus. *Hreysikötturinn*. Þýðandi Emil Thoroddsen. L.R. 131.

Fulda, Ludwig. *Ambáttin*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 38. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Askja A.B. 5

Fulda, Ludwig. *Hin týnda paradís*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 27. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Gad, Emma. *Silfurbrúðkaupið*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils. L.R. 26. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Galsworthy, John. 1932. *Silfuröskjurnar / Silfur askjan, leikrit í þremur þáttum*. Þýðandi Friðrik Rafnar (?). L.R. 140. Vélritað. Nótur með eiginhendi, líklega Haraldur Björnsson. Leikstjórabók.

Ganthony, Richard. *Sendiboðinn frá Marz*. Þýðandi Bogi Ólafsson (?). L.R. 124. Vélritað. Handrifaður titill inn í kápu.

Ganthony, Richard. *Sendiboðinn frá Marz*. Þýðandi Bogi Ólafsson (?). L.R. 124. Vélritað. Merkt: Brynjólfur Jóhannesson (eiginhönd?)

Askja A.B. 6

af Geijerstam, Gustaf. *Ágústa piltagull*. Þýðandi óþekktur. L.R. 97.

af Geijerstam, Gustaf. *Tengdapabbi*. Þýðandi Andrés Björnsson. L.R. 86. Meðfylgjandi er bréf. Undirritað: Árni Helgasson. Dagsett: 20.4.1946.

Gillette, William. *Esmeralda*. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 13. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Hauch, Carsten. *Kinnarhvolssystur*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 67. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Haugh, Carsten. *Systurnar á Kinnarhvoli*. Þýðandi Indriði Einarsson. L.R. 67. Nóta: „Útvarp 14. nóv. – 1942“.

Askja A.B. 7

Hauptmann, Gerhart. Himnaför Hönnu litlu, draumleikur í tveimur þáttum. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 98.

Heiberg, Johan L. Álfhóll. Þýðandi óþekktur (mögulega Indriði Einarsson). L.R. 76.

Heiberg, Johan L. Ævintýri í Rosenborgargarði. Þýðandi Brynjólfur Kúld. L.R. 2.

Heinesen, William. 1932. Ranafell, sjónleikur í 2 þáttum. Þýðandi Lárus Sigurbjörnsson (?). L.R. 142. Vélritað. Úrklippa af Haraldi Björnssyni og Ingibjörgu Steinsdóttur í hlutverkum sínum límd inn í kápu. Nótur með eiginhendi, líklega Haraldur Björnsson.

Holberg, Ludvig. 1873. Grímudansinn. Þýðing og staðfæring Tómas Jónasson.

Holberg, Ludvig. Jeppi á Fjalli. Jeppi á Fjalli. Ludvig Holberg. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 44. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Askja A.B. 8

Hostrup, Jens Christian. *Andbýlingarnir*. Þýðendur Stefán Björnsson, Sveinn Björnsson og Björn Magnússon. 1899. Kápu vantar.

Hostrup, Jens Christian. *Andbýlingarnir*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 127.

Hostrup, Jens Christian. 1897. *Meistarinn og lærisveinn [fyrri bindi]*. Þýðandi Brynjólfur Kúld. L.R. 24 A. Laust blað með leikendaskrá inn í stílabók. Mögulega leiklestur, ekki á skrá.

Hostrup, Jens Christian. 1897. *Meistarinn og lærisveinn [seinna bindi]*. Þýðandi Brynjólfur Kúld. L.R. 24 A. Mögulega leiklestur, ekki á skrá.

Hostrup, Jens Christian. *Þrumuveður. I hefti, I þáttur*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 24.

Hostrup, Jens Christian. *Þrumuveður. II hefti, II-V þáttur*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 24.

Askja A.B. 9

Hostrup, Jens Christian. *Ævintýri á gönguför*. Þýðandi óþekktur. L.R. 6. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Höjer, Edgar. / Edgard Høyer (?). *Hugur ræður*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 30. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Höjer, Edgar. / Edgard Høyer (?). *Verkfallið*. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 75. Leikendaskrá fremst í stílabók.

Ibsen, Henrik. *Villiöndin / Urtöndin*. Þýðandi Guðbrandur Jónsson. L.R. 122.

Askja A.B. 10

Ibsen, Henrik. Þjóðníðingur / Þjóðfjandinn, leikur í fimm þáttum. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu (?). Leikendaskrá límd inn í kápu.

Kjelland, Alexander. Hjónin, gamanleikur í þrem þáttum. Þýðandi óþekktur. L.R. 38 A. (Mögulega aldrei sviðsett).

Kraatz, Curt og Hoffman, Arthur. Gleiðgosinn. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 117. Vélritað.

L'Arronge, Adolf. Drengurinn minn. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 12. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Laufs, Carl. Dvölin hjá Schöller. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 108.

Askja A.B. 11

Meyer-Föster. *Alt-Heidelberg*. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu (?). L.R. 78. [Bókin er fremur skemmd.]

Møller, Carl. / „Peter Sörensen“. *Skírnin / Barn í kirkju, gamanleikur með söng í 4. þáttum*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 28. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Olufsen, Christian. *Gulldósirnar [1. bindi]*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 25. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Olufsen, Christian. *Gulldósirnar [2. bindi]*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 25.

Overskou, Thomas. *Skríll [1. bindi]*. Þýðandi Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal (?). L.R. 20. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Overskou, Thomas. *Skríll [2. bindi]*. Þýðandi Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal (?). L.R. 20.

Askja A.B. 12

Pinero, Arthur W. *Lavender*. Þýðandi Guðmundur T. Hallgrímsson (?). L.R. 36. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Pollock, Channing. *Flónið*. Þýðandi Eufemia Waage (?). L.R. 130. Vélritað.

Potter, Paul M. *Trilby*. Byggt á skáldsögu George du Maurier. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 54. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Ridley, Arnold. *Draugalestin*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 137. Vélritað.

Rosenberg, P.A. *Hjálpin*. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 45. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Askja A.B. 13

Schnitzler, Arthur. *Skilnaðarmáltíðin*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 101.

Scribe, Eugene. *Glas af vatni / Orsök og afleiðing*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 123. Vélritað.

Schönherr, Carl. / Karl Schönherr. *Trú og heimili*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 79.

Stepniak, Sergei. *Sinnaskifti. Leikur í 4 þáttum*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 65. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Strindberg, August. *Fröken Júlía*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 102. Hlutverkabækur: Júlía (ómerkt), Júlía (II) og tvær bækur sem virðast ekki vera úr sama leikriti.

Askja A.B. 14

Sudermann, Hermann. *Heimilið*. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu (?). L.R. 29. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Sudermann, Hermann. *Heimkoman*. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 23. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Sutro, Alfred. *Ástir og miljónir*. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 63. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Thomas, Brandon. *Frænka Charleys*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). [Einar Benediktson er einnig titlaður þýðandi árið 1918, þarf að staðfesta dagsetningu handrits]

Askja A.B. 15

Thomas, Brandon. *Frænka Charley's*. Gamanleikur í þremur þáttum. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 7. Leikendaskrá límd inn í kápu. [Einar Benediktson er einnig titlaður þýðandi árið 1918, þarf að staðfesta dagsetningu handrits].

von Hofmannsthal, Hugo. *Sjérhver*, leikurinn um dauða hins ríka manns [óljós framhald]. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 118. Úrklippa úr Vore Damer límd inn í fyrstu blaðsíðu.

von Schiller, Friedrich. *Ræningjarnir*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 74.

von Wildenbruch, Ernst. *Hrafnabjargamærin*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 62. Leikendaskrá límd inn í kápu.

Handrit - Möppur og laus blöð

Íslenskir höfundar

Askja B.A. 1

Dagfinnur bóndi [Dagfinnur Sveinbjörnsson]. *Margrét*. Vélritað. Mögulega ekki tekið til sýningar.

Guðmundur Kamban. *Vér morðingjar*. L.R. 94. Vélritað.

Loftur Guðmundsson. 1946. *Hreppstjórinn á Hraunhamri*. Vélritað.

Stefán Björnsson. *Hildigunnur, sjónleikur úr Njálu í fimm þáttum*. Vélritað. Mögulega ekki tekið til sýningar.

Stefán Björnsson. 1939, *Leikbræður*. Mögulega ekki tekið til sýningar.

Erlendir höfundar

Askja B.B. 1

Höfundur óþekktur. *Fullkomna hjónabandið*. Þýðandi óþekktur. Vélritað. Mögulega ekki tekið til sýningar. (2x. eintök af handriti). Hlutverkabók: Jack. Með eiginhendi.

Bisson, Alexandre. *Frú X / Konan ókunna*. Þýðandi Skúli Skúlason (?). L.R. 96. Vélritað.

Bjornsson, Bjornstjerne. *Gjaldþrotið*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 37. Vélritað. (3x eintök af handriti).

Askja B.B. 2

Bjornsson, Bjornstjerne. *Landafræði og ást*. Þýðandi Jens B. Waage (?). Vélritað. (2x eintök af handriti).

Bjornsson, Bjornstjerne. *Landafræði og ást*. Þýðandi Jens B. Waage (?). Vélritað. Hluti úr handriti. Einnig hlutverkabækur: Turmann (II og III þáttur) og Malla (III þáttur).

Bjornsson, Bjornstjerne. *Milli bardaganna*. Þýðandi Indriði Einarsson og Jón Ólafsson (?). Vélritað. (2x eintök af handriti).

Askja B.B. 3

Bogh, Erik. *Villidýrið*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 16. Vélritað.

Cornelíus, Franz. *Lagleg stúlka gefins / Frítt stúlkubarn gefins, skopleikur í 2 þáttum*. Músík eftir Hans May. Bundið mál eftir Erns Neubach. 1931. Emil Thoroddsen og Tómas Guðmundsson íslenskuðu. L.R. 139. Brot úr handriti, þ.á.m. upphaflega textanum. Með eiginhendi. Á kápu stendur: „Lagleg stúlka gefins (hrafl)“.

Hauptman, Gerhart. *Himnaför Hönnu litlu*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 98. Með eiginhendi.

Heiberg, Johan Ludvig. *Nei*. Þýðandi Árni Einarsson (?). Vélritað.

Heiberg, Johan Ludvig. *Nei*. Þýðandi ekki skráður. Vélritað. Eintak fylgdi með safni Indriða Einarssonar en er stimplað „Þjóðleikhússafn. Gjöf Alfreðs Andréssonar.“

Hostrup, Jens Christian. *Andbýlingarnir / Veizlan á [óskýrt]*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). Vélritað.

Askja B.B. 4

Ibsen, Henrik. *Brúðuheimilið*. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu, endurskoðuð og færð til samræmis við frumtexta af Lárusi Sigurbjörnssyni. L.R. 46. Vélritað, með leiðréttingum í texta.

Ibsen, Henrik. *Brúðuheimilið*. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu. L.R. 46. Vélritað, ekki með leiðréttingum í texta.

Ibsen, Henrik. *Veizlan á Sólhaugum*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 105. Vélritað. (2x eintök af handriti.)

Kjelland, Alex L. *Hjónin*. Þýðandi óþekktur. Vélritað. Mögulega ekki tekið til sýningar. (3x eintök af handriti).

Askja B.B. 5

Nielsen, Poul. *Ungu hjónin*. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 17. Með eiginhendi.

Ridley, Arnold. *Draugalestin*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 137. Vélritað.

Shaw, George Bernard. *Pygmalion*. Þýðandi óþekktur. Vélritað. Mögulega ekki tekið til sýningar.

Shaw, George Bernard. *Pygmalion*. Þýðandi óþekktur. Vélritað. Ýmis brot úr handriti. Mögulega ekki tekið til sýningar.

Strindberg, August. *Fröken Júlía*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). Ónúmerað. Vélritað.

Synge, J.M. *Þeir halda til hafsins*. Þýðandi óþekktur. Vélritað. Mögulega ekki tekið til sýningar. (2x eintök af handriti).

Askja B.B. 6

Vane, Sutton. *Skuggsjá*. Þýðandi Bogi Ólafsson (?). L.R. 119. Vélritað.

Einþáttungar með eiginhendi

Askja C. 1

Hættulegur leikur, gamanþáttur í 1 þætti. Ódagsett. Höfundur ekki nafngreindur eða þýðandi.

Ahlgren, Ernst. / Victoria Benedictson. *Í fóninum*. Þýðandi Guðmundur Guðlaugsson.

Bordeaux, Henry. *Rústir*. Þýðandi óþekktur.

Sutro, Alfred. *Dyrnar opnar*. Þýðandi óþekktur.

Sutro, Alfred. *Maðurinn á götunni*. Þýðandi óþekktur.

Sutro, Alfred. *Maðurinn í leikhúsinu*. Þýðandi óþekktur. Inniheldur einnig hlutverkabækur: Hector Allen og Walter Cozens

Sutro, Alfred. *Til hjónabands er stofnað*. Þýðandi óþekktur.

Tehehov, Anton. / Chekhov, Anton. *Ekkjustand*. Þýðandi óþekktur.

Tehehov, Anton. / Chekhov, Anton. *Bónorðið*. Þýðandi óþekktur.

Hlutverkabækur

Íslenskir höfundar

*Nöfn innan hornklofa sýna hvernig þau eru skráð í gagnagrunn Leikminjasafns Íslands.

Askja D.A. 1

Andrés. G. Þormar. *Dómar*. L.R. 33. – Sýningin síðan 1931.

Hlutverk: Ólafur, Hilmar, Erla, Gamli-Jón, Kristján Árnason, Agla, Þórhildur, Regína, Þórólfur.

Einar H. Kvaran. *Syndir annarra*. L.R. 83.

Hlutverk: Marja, Þórdís, Pjetur [Pétur], Steinþór, Rósa, Gróa, Ólafur sífulli, Þorgeir Sigurðsson (bók I og bók II), frú Berg, Grímur Ásgeirsson (bók I og bók II), Anna.

Guðmundur Kamban. *Konungsglíman*. L.R. [óskýrt]

Hlutverk: Steinar, frú Ásta, Skafti ritstjórinn [Skafti], Ingibjörg, Hannes, Svafar, Þorgils, Hekla, Hrólfur.

Guðmundur Kamban. *Vér morðingjar*. L.R. 94.
Hlutverk: Norma (þrjár bækur).

Indriði Einarsson. *Stúlkan frá Tungu*. L.R. 64 (?).
Hlutverk: Gerður kennslukona [Gerður], Signý, Ása (bók I og bók II), Jón smali, bóndinn [Jón bóndi?], Völván, Þorsteinn [Þorsteinn á Núpi], síra Sigurður [séra Sigurður], Hjálmar, Gunnar (bók I og bók II), Helga (bók I og bók II).

Indriði Einarsson. *Skipið sekkur*. L.R. [óljóst] Tvö bókprent af *Skipið sekkur*, 1902, í fullri lengt. Merkt persónunum Frú Sigríður og Brynhildur.
Hlutverk: Einar Jónsson bókhaldari (I-II þáttur / III þáttur) [Einar], Frú Thorkelín, Hjálmar, Johnsen, Sigurður Þorsteinsson [Sigurður], Cand. med. Kristján [Kristján], Frú Guðrún

Askja D.A. 2

Jóhann Sigurjónsson. *Fjalla-Eyvindur*. L.R. 73.
Hlutverk: Halla (brot úr III – IV þáttur / ómerkt sena), Kári (I-IV þáttur / ómerkt sena), Magnús – sýslumaðurinn, Tóta (laus blöð), Björn [Björn hreppstjóri], Arnes, Arngrímur holdsveiki.

Jóhann Sigurjónsson. *Galdra-Loftur*. L.R. 82.
Hlutverk: Ólafur, Steinunn, 1. ölmusumaður, 2. ölmusumaður, 3. ölmusumaður (staðfesta verður hlutverkin), 4. ölmusumaður, 5. ölmusumaður, 6. ölmusumaður, biskupinn, biskupsfrúin, Dísá, ráðsmaðurinn, blindi ölmusumaðurinn, telpan, Loftur.

Matthías Jochumsson. *Skugga-Sveinn*. L.R. 67(?).
Hlutverk: Jón sterki, Helgi stúdent (vélritað), Laus blöð, bls. 143-145, 1. varðmaður og Lárenzíus, Lárenzíus sýslumaður [Sýslumaðurinn], Ögmundur útilegumaður [Ögmundur], Haraldur útilegumaður [Haraldur], Narfi (?) [ekki á netlista].

Óskar Kjartansson. *Töfraflautan*. L.R. 144.
Hlutverk: Gunnar, Brjánn, Fjóla, Tobias Rauðnefur [Tobías], Huldán gjafmildi, kóngurinn [Kóngurinn í Thule].

Steinn Sigurðsson. *Stormar*. L.R. 103.
Hlutverk: Frú Ásdal (bls. 1-80 / bls. 81-93), Tryggvi, Baldur, Petrúnella, Júlía, Hörður, Ásdal.

Erlendir höfundar

Askja D.B. 1

Arnold, Franz og Bach, Ernst. *Húrra, krakki*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 135.

Hlutverk: Guðmundur Goðdal, prófessor (I – III). I-II – vélritað / III – uppskrift. Úlfur Austmar, Málaflutningsmaður (I – II). Vélritað. Frú Matthildur Thorkelsen, sýslumannsfrú. Vélritað. Theódór Thorkelsen, sýslumaður í Skarðastrandasýslu. Vélritað.

Arnold, Franz og Bach, Ernst. *Karlinn í kassanum*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 145.

Hlutverk: Baldur (II og III þáttur), Tóta (II þáttur), María Mörland, Prófásturinn I – II (Séra Arnór Arnars), Friðmundur Friðar, Klemens [afritið] – óljóst hvort bók tengist leikriti, Pétur Mörland (I – Ómerkt – III þáttur – bók III).

Arnold, Franz og Bach, Ernst. *Karlinn í kreppunni*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 147.

Hlutverk: Hafliði, Jarþrúður Hansdóttir, Friðmundur, [óskýrt] dómari, Doría Sveinsson (I – II), Frú Emelía Mörland. Krummavík. Vélritað. Marteinn Oddson, Lína. Vélritað. Hr bankastjóri [Baljón?] – með nótum (mögulega Haraldur Björnsson). Dóra. Vélritað. Anna Jónsdóttir. Pétur Mörland (I-III).

Arnold, Franz og Bach Ernst. *Spanskflugan*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 113.

Hlutverk: Wallý, María, Burwig, ríkisþingmaður, Gottlieb Meisel, Matthildur, Hinrik Meisel, Fritz Gerlach.

Benzon, Otto. Hneykslið. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 31 (?).

Hlutverk: Karen Vahl (I – II þáttur og III þáttur), Von Ahnskjold (I – II þáttur og III þáttur), Pjetur [Pétur] (I – II þáttur og III þáttur), Páll [Poul] (I þáttur, IV þáttur), Fanny Hansen (I – II þáttur og III þáttur), vinnukonan, Artúr (I – II þáttur og III – IV þáttur), Frú Hansen [Etatsráðsfrú] (I þáttur [vantar kápu] og III þáttur, Etatsráð Hansen.

Bernstein, Henri. Þjófurinn. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 104.

Hlutverk: Richard Voysin (bók nr. I og II), Marie Luise [Marie Louise] (bók nr. I og II), Ísabella Lagades [Ísabella], [vantar kápu] Raymond, Ferdinand Lagades [Ferdinand], Herra Laubauel [Goudain] [Hr. Zamboult?].

Askja D.B. 2

Beyerlein, F.A. *Um háttatíma*. Þýðandi Andrés Björnsson (?). L.R. 77.

Hlutverk: Von Lauffen, Volkhardt, Qveiz [Qveisz], [vantar kápu] Helbig, Lehdenburg greifi [Ledenburg]. Dómstjóri. Michalek. Höfuðsmaður v. Bannewitz [Von Bannewitz], von Höwen [Von Höwen], Spiesz (?) – Réttarþjónn. Klara Volkhardt

Björnson, Björnsterne. *Landafræði og ást*. Þýðandi Jens B. Waage (?).

Hlutverk: Birgit, Karen (tvær bækur).

Björnson, Björnstjerne. *Milli bardaganna*. Þýðandi Indriði Einarsson og Jón Ólafsson (?). L.R. 19. [Á kápum stílabókanna stendur Vopnahléið]

Hlutverk: Inga, Sverrir, Áslákur, Þorkell, Hallvarður gæla [Hallvarður Gæla], Guðlaugur stallari [Stallari], Eindriði [Indriði].

Björnson, Björnstjerne. *Um megn*. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 48.

Hlutverk: Sang [Sang prestur], Jensen, Rakel, Kröjer, Klara [Klara Sang], Hanna, [vantar kápu] Elías, Falk, Biskupinn, Brej, Prestsekkjan, Bratt.

Björnson, Björnstjerne. *Gjaldþrotið*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 37.

Hlutverk: Tjælde (tvær stílabækur), Yfir-tollþjónn / Pram [Umboðsmaður / Pram], Konsúl Lind [Lind], Ring stórkaupmaður [Ring], Holm stórkaupmaður [Holm], Knúdzon [Knutzon], Knudsen, Agent Falbe [Falbe], Skrifstofuboð (laus blöð, stutt atriði), Berent, Jakobsen, Valborg, Frúin [Frú Tjælde?]. Liutenant Hamar [Hamar], Sigma, Umboðsmaður (laus blöð, lítið hlutverk). Presturinn [Sóknarpresturinn]. Sannæs.

Chambers, C. Haddon. *Kúgaður með tárur*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 95.

Hlutverk: Evans, Geor. Gunning [Gunning] (I og II), Mr Parbury (I og II), Jungfrú Woodward [Miss Woodward], [vantar kápu] Frú Parbury [Mrs. Parbury], Armitage Ofursti [Armitage]

Askja D.B. 3

Cornelius, Franz og Neubach, Ernst. *Lagleg stúlka gefins*. Þýðandi Emil Thoroddsen (?). L.R. 131.

Hlutverk (1): Úlla, Kata, Hjeronymus (I og II) [Hjerónýmus Schulesen], Hlutverk (2): Friðrikka, Friðrikka (I og II), Gunnar (I og II), Henrik [Hinrik], Guðblessínus, Skjaldbakur [Jón Skjaldbak]

Dinaux, Prosper. *Heimanmundurinn*. Þýðandi Jens B Waage (?). L.R. 72. Stílabækur merktar: Heimamundur Susette

Hlutverk: Susette [Suzette], Chenu, Cadiche, Greifafrúin, Adolf (kápa ómerkt), Picheloup, Veauvisage, ábóti [Beauvisage].

Dumas, Alexandre. *Kamelíufrúin*. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogu (?). L.R. 53.

Hlutverk: Marguerita (I-IV, vantar kápu á bók I) [Margarite], Nanine, Armand Duval (I-III), Duval, Olympe (I-II), Prudence (I-III) [Prydence], Saint-Gaudeaux (I-II) [Saint Gaudens], De Varville, Gustave [óljós texti á kápu] Varville greifi?

Fulda, Ludwig. *Ambáttin*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 38. Inn í umbúðum er leikendaskrá, laust blað.

Hlutverk: Waldeck, Eugenía [Eugenia] (tvær bækur, ónúmeraðar), Yfirpóstiritari Kolb [Kolb], Lúkas, Frú Kolb, Kathe [Kathy], Steffens, Súsanna, Ebeling [Dr. Ebeling], Lína.

Askja D.B. 4

Gad, Emma. *Silfurbrúðkaupið*. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 26.

Hlutverk: Engelsöe, frk. Prip, frk. Möller, jómfrú Ludvigsen, frk. Knudsgaard, Hother, Anton Þjónn [Þjónn], vinnukona, síra Mathiesen, dr. Fransen [Frandsen læknir], Paula [Poula], frú Selby, Selby.

Galsworthy, John. *Silfuröskjurnar*. Þýðandi Friðrik Rafnar (?). L.R. 140.

Hlutverk: Frú Barthwick, Roper, lögfræðingur [Roper], Jones, atvinnuleysingi [James Jones], skrifari lögreglustjóra [Réttarskrifari], Jack [Jack Barthwick], Snow, Barthwick, ríkur þingumaður frjálslynda flokksins [John Barthwick], [ómerkt kápa] Frú Barthwick, Frú Jones, hreingerningarkona hjá Barthwicks [Frú Jones], ókunna stúlkan, dómari [Dómari], frú Marlow, þjónustustúlka [Frú Marlow], þjónn [ekki á netlista], sköllóttur lögregluþjónn [ekki á netlista].

Gandrup, Carl. *Þrjú skálfar*. Þýðandi Þorsteinn Ö. Stephensen (?). L.R. 132. Upphaflega voru stílabækurnar bundnar saman með snæri.

Hlutverk: Jokkúm [Meistari Jokkum], Lási, [laus blöð] Presturinn – Hermann, Röddin úr hópnum og Stúlka í hópnum, malarinn [Óli], Metta, Morten [Morten Titterup], Diðrik, Malla [Malla Skrepp], Kurt, [Ómerkt bók] Núrí.

af Geijerstam, Gustaf. *Ágústa piltagull*. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 97.

Hlutverk: Bjarne, sendill [ekki á netlista], Rylander, Berggren, læknirinn [Dr. Sommer?], Andersson, frú Carlsson [ekki á netlista], Marta, Ágústa, Carlsson, Hanna, Ellen – Fía [Ellen – Gamla Fía]

Gillette, Walter. *Sherlock Holmes*. Þýðandi Guðmundur T. Hallgrímsson (?). L.R. 50. Stílabækur fremur illa farnar. Vélritaðar.

Hlutverk: Sherlock Holmes (1.-4. þáttur og 5. þáttur), dr. Watson, Alice Faulkner, frú Larrabee [Lissie Larrabee], prófessor Moriarty [Próf. Moriarty], Bob Mc Luh [ekki á netlista], Mikkel Shark, Rentier [Mikkel Shark], Kricker [Haltiskratti?], Balluster „lávarður“ [Lord Balluster], Daníel, Porter.

Hauch, Carsten. *Kinnarhvolssystur*. Þýðandi Indriði Einarsson (?). L.R. 67.

Hlutverk: Jóhann, Úlrikka (I-II) [Ulrikka], Bergkonungurinn, Jón / Axel [Jón bóndi / Axel], Jóhanna.

Askja D.B. 5

Hauptmann, Gerhard. *Himnaför Hönnu litlu*. Þýðandi Jakob Jóh. Smári (?). L.R. 98.

Hlutverk: Hanna, Systir Martha [Systir María], Wachler læknir [Dr. Walchler], Hanke, Seidel skógarhöggismaður [Seidel], Gottwald kennari [Gottwald], Berger, Hedwig kölluð Hefe [Hedwig]

Heiberg, Johan Ludvig. *Álfhóll*. Þýðandi óþekktur (mögulega Indriði Einarsson). L.R. 76.

Hlutverk: Rud [Henrik Rud], Albert Ebbesen, Björn Ólafsson, Walkendorf [Walkendorff], Flemming [Páll Flemming]

Heiberg, Johan Ludvig. Ævintýri í Rósenborgargarði. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 2.

Hlutverk: Vinter [Winter] (tvær bækur), Charlotta [Charlotte] (tvær bækur), Pjetur [Pétur] (tvær bækur), Fellmark (tvær bækur), Humlegaard [Humlegard læknir] (tvær bækur), Madame Sommer [Mad. Sommer] (tvær bækur), Friðrikka (tvær bækur), Kristín, Fórstran [ekki á netlista]

Heiberg, Johanne Luise. Apinn. Þýðandi Jón Jónsson Aðils (?). L.R. 35.

Brot úr óþekktu handriti.

Leikendaskrá á lausu blaði fremst

Hlutverk: Jómfrú Sörensén, Lindal [Líndal], [óljós á kápu] [Margrét], Óli

Heinesen, William. Ranafell. Þýðandi Lárus Sigurbjörnsson (?). L.R. 142.

Hlutverk: Þórir, Ólöf (I-II), Símon, Sigríður

Hostrup, Jens Christian. Þrumuveður. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 24.

Hlutverk: Elsa (I-II þáttur og III-V þáttur), Frú Ribolt (I-IV þáttur og V þáttur), Ribolt (I-II þáttur og III-V þáttur), Lyng (I-II þáttur og III þáttur), Skarri [Skarre] (I-II þáttur og III-V þáttur), Rósalía (II og III þáttur), Frú Hornum (II þáttur og III-IV), Vendel (I-II þáttur og III-V þáttur), Anna María (I þáttur og IV þáttur) [Anna Marja], Andrés Fesser, Anna Svendsen, Tómas, Þjónn [Tómas], Madama Mortensen (II þáttur og III-V þáttur) [Mad. Mortensen], Mortein [Morten], Hornum (I-II þáttur og III-V þáttur), Anna Svendsen

Hostrup, Jens Christian. Meistari og lærisveinn. Þýðandi Brynjólfur Kúld. L.R. 24 A. Líklega ekki tekið til sýningar.

Hlutverk: Charlotta, Magnús, Trina, Áki, Grímur, Brink, Anna?, Bjernö, Theresa, Frú Bögedal, Grönholt (2 bækur)

Askja D.B. 6

Høyer, Edgar. Hugur ræður. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 30.

Höfundur: Høyjer, Højer (skrifað á umslag), Høyer

Hlutverk: Fanny, Ellen Birk [Ellen], Mortensen (I-II), Gram [Dr. Gram], Brún / Eiríkur Brún [Erik Brun] (I-II þáttur og III þáttur), Lena, Elín Holm, Otto Jensen, Frú Birk

Høyer, Edgar. Verkfallið. Þýðandi Einar H. Kvaran (?). L.R. 75.

Höfundur: Høyjer, Højer (skrifað á umslag), Høyer

Bækur fremur illa farnar.

Annað efni: Textabrot eftir óþekktan höfund.

„Ég bragða ei brennivín / Í bindindi ég er, / og aldrei nokkur vatnsdropi / ofan í mig fer, / Og ekki kaffi, ekki te og ekki súkkulaði...”

„Svíf þú fugl yfir sævardjúpið víða, sem tekur dimma af nótt...”

Hlutverk: Eiríkur Brandt [Eiríkur], Frú Brandt, [án kápu] Brandt, Ferdinand Hansen (II og III) [Ferdinand], [án kápu] Alvilda, [án kápu] Ludvig Hansen (I-III) [Lúðvíg], [án kápu] Mad. Hansen [Frú Hansen], Hansen, Fritz [Frits], Pjetur [Pétur], Christiensen, Willy [Villy], Schmidt [Dr. Schmidt], Charlotte Svendsen [Lotta?], Haraldur Brandt [Haraldur], Lustig [Hermann Lustig], Warren

Ibsen, Henrik. Víkingarnir á Hálogalandi. Þýðandi Eggert Ó. Briem og Indriði Einarsson (?). L.R. [óljóst].

Leikaralisti fremst, staðfestir að þetta sé textinn frá 1903.

Hlutverk: Gunnar, Hjördís, Dagný, Kári, Sigurður [Sigurður sterki]

Ibsen, Henrik. Þjóðníðingur / Þjóðfjandi. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogli (?).

Hlutverk: Hovstad, ristjóri [Hovstad], Stockmann, bæjarfógeti [Pétur Stockmann], Marteinn Kill (tvær bækur), Áslakur [Áslakur], Stockmann, læknir (2x bækur, 1x án kápu) [Tómas Stockmann], Eilífur, Horster, skipstjóri, Petra [án kápu]

Askja D.B. 7

Jerome, Jerome K. Ókunni maðurinn. Þýðandi Jens B. Waage (?). L.R. 88 (?). Vélritað.

Hlutverk: Frú Sharpe, Frú De Hooley [Frú Percival de Hooley], Frú majór Tompkins [frú Tompkins], Vivian, Jungfrú Kite [Kite], Christopher [Christopher Penny], Harry Larkcom, Wright [Joey Wright], Major Tompkins [Tompkins], Stasía [Stasia], Jape Samuels, Ókunni maðurinn

Kielland, Alexander. Hjónin, gamanleikur í þrem þáttum. Þýðandi óþekktur. L.R. 38 A. [Mögulega aldrei sviðsett].

Hlutverk: Theódór Laudberg (I-II), Jungfrú Svendsen, Lúðvík Friedemann (?), Jens Waage, Lára Friedemann (?), Frú Jóhanna Laudberg

Meyer-Förster, Wilhelm. Alt-Heidelberg. Þýðandi Bjarni Jónsson frá Vogli (?). L.R. 78.,

Hlutverk: Karl Heinrich (I og II), Lutz, Ruder, veitingamaður [Ruder], Frú Dörffel, Forsætisráðherra von Haugk [Von Haugk], von Wedell [Von Vedell], [án kápu] Kathie, [án kápu, tvö brot] Engelbrecht, Detlev

Molière. Ímyndunarveikin [Sá ímyndunarveiki]. Þýðandi Einar Ólafur Sveinsson (?). L.R. 66.

Hlutverk: Fleurant [Fleuront], Toinette, Kamferius, Louison, Cleante, Dr. Laxan [Laxan], Beralde, Argan, Belína, Angelika, De Bonnefoi [Bonnefoi]

Nielsen, Poul. Ungu hjónin. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 17.

Hlutverk: Knúdsen [Knudsen], Frú Knúdsen [Frú Knudsen], Ida, Dahl, Holm [Holm Skipstjóri], Georg Holm [Georg], Fröken From, Maria, Katinka [Kathinka]

Olufsen, Christian. Gulldósirnar. Þýðandi Brynjólfur Kúld (?). L.R. 25.

Hlutverk: Vandby (1-4 / 4-5), Ebeltoft (I og II) [Æbertoft ráðsmaður], Landsvig (I-II þáttur og III/V þáttur), Vilhelmína Visberg (I-III þáttur og V þáttur) [Vilhelmína], Tapper, veitingamaður [Tapper], Metta, Greta, Lars [Lars þjónn], Jochum [Jockum vagnstjóri], Hans, Rasmus skytta [Rasmus Skytta], Pétur hermaður [ekki í netskrá], Jörgen hermaður [ekki í netskrá], Páll hermaður [ekki í netskrá], Kristján smiður [ekki í netskrá], Visberg [Visberg stórbóndi], Faldsmal procurator [Faldsmaal], Jómfrú Ebertoft [Æbertoft ráðskona]

Askja D.B. 8

Overskou, Thomas. Skríll. Þýðandi Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal. L.R. 20.

Hlutverk I: Kvitt (III-V þáttur) [Quist bóksali], Vagtel, Gréta, Etatsráðið (bók 1-3) [Etatsráð Dobbel], Friðrik (I-II þáttur / III þáttur / IV þáttur) [Friðrik Dahl]

Hlutverk II: Kvitt (I-II þáttur) [Quist bóksali], Palli (I þáttur / III þáttur / IV þáttur / V þáttur) [Palle Block], Elín [Ellen Block], Frúin (I-II þáttur / III þáttur) [Frú Vagtel?], Ágúst, Matthildur [ekki í netskrá], Barún [ekki í netskrá]

